

Aðalfundur Reykjanes

haldinn í Grindavík 1. október 2017

Ályktanir til 33. aðalfundar LS

Strandveiðar

Reykjanes leggur til að strandveiðar verði 4 dagar í viku samfelld í 4 mánuði.

Reykjanes krefst þess að ufsi reiknist ekki til viðmiðunar í strandveiðum.

Veiðigjald

Reykjanes skorar á stjórnvöld að útgerðir smábáta sem landa á fiskmarkaði fái afslátt af veiðigjaldi.

Til Hafrannsóknastofnunar

Reykjanes skorar á Hafrannsóknastofnun að mæla með að lokun við Reykjanes frá 15. október til 1. maí verði varanleg.

Reykjanes skorar á Hafrannsóknastofnun að banna allar veiðar á loðnu meðan hrygning fer fram. Loðnustofninn er í mikilli lægð og allt þarf að gera til að auka líkur á að nýliðun takist.

Uppboðsleið

Reykjanes hafnar öllum framkomnum hugmyndum um uppboðsleið.